



Áskoranir tengdar kynferðislegri hegðun leikskólabarna

Herdís Ingibjörg Auðar Svansdóttir
atferlisfræðingur og þroskajálfi



Ráðgjafar- og
greiningarstöð

Yfirlit



Eðlileg hegðun hjá
leikskólabörnum

Hvað getum við
gert?

Dæmisögur

Samantekt

Eðlileg hegðun leikskólabarna



- Snertir eigin kynfæri
- Snertir eða horfir á kynfæri annarra nákominna aðila (fjölskyldu eða vina)
- Horfir á nakið fólk t.d. inni á baði eða í sundi
- Vill vera nakið
- Leikur læknisleik/skoðar líkama annarra
- Notar klámfengin/dónaleg orð

Hvenær þurfum við að leiðbeina?



- Hegðunin truflar eða kemur í veg fyrir að barnið geti sinnt öðrum athöfnum
- Barnið kemst í uppnám ef reynt er dreifa huga þess eða beina því í aðrar athafnir
- Barninu virðist líða illa í tengslum við hegðunina
- Barnið heldur áfram að snerta aðra eða sig sjálft á almannafæri eftir að hafa verið beðið um að gera það ekki



Leita faglegrar aðstoðar



- Hegðunin er líkleg til að valda barninu sjálfu eða öðrum skaða
- Kynferðisleg vitneskja virðist of mikil miðað við aldur eða þroska barnsins
- Einfalt inngrip hefur engin áhrif



1. Kortlagning

- Afla upplýsinga:
 - Kemur hegðunin fyrir í ákveðnum aðstæðum en ekki öðrum?
 - Kallar hegðunin fram einhver ákveðin viðbrögð frá öðrum?
 - Kemur hegðunin fyrir óháð aðstæðum og/eða viðbrögðum annarra?
- Ræða við barnið og þá sem þekkja það best
- Beint áhorf í aðstæðum



2. Tilgáta um tilgang hegðunar



Samskipti
við aðra

Komast úr
aðstæðum

Nálgast
hluti

Skynhrif



3. Áætlun

- Setja upp áætlun í samvinnu við foreldra um hvernig við ætlum að hjálpa barninu að nálgast sömu afleiðingar á annan hátt
- Höfum í huga:
 - Er eitthvað í umhverfinu sem þarf að breyta?
 - Getum við kennt barninu aðra leið til að fá þörfum sínum mætt?
 - Getum við breytt því hvernig annað fólk bregst við?





3. Áætlun

- Fræðsla og bein kennsla til barnsins
 - Almannaþæfi og einkarými
 - Einkastaðir
 - Fjölskylda, vinir og ókunnugir
 - Mörk í samskiptum
- Tökum mið af styrkleikum barnsins og hvernig því hentar best að læra eitthvað nýtt



3. Áætlun



- Leiðir til að komast í samskipti við annað fólk
 - Kenna aðrar leiðir til að fá viðbrögð
 - Kennsla til annarra barna út frá þroska og skilningi
- Leiðir til að komast úr aðstæðum sem eru of krefjandi eða erfiðar
 - Skoða áreiti í umhverfinu
 - Skoða hvort kröfur séu við hæfi
 - Skoða hvort barnið hafi aðgang rými þar sem það getur fengið næði
- Leiðir til að fá skynhrif
 - Skoða líkamlega þætti
 - Skoða áreiti í umhverfinu
 - Almannaþæri vs. einkarými
 - Skoða aðrar leiðir til að fá sömu/svipaðri þörf uppfyllt



Dæmi 1 - Sóley

Sóley er 5 ára stúlka í leikskóla. Hún er á einhverfurófi og með væga þroskahömlun. Hún tjáir sig með töluðu máli en þarf einföld fyrirmæli. Hún hefur sjónræna styrkleika og skilur vel myndir.

Undanfarna mánuði hafa foreldrar hennar og starfsfólk í leikskólanum tekið eftir að hún leitast í að leggjast á grúfu undir teppi í mismunandi leik og aðstæðum. Þegar þau fylgdust betur með tóku þau eftir að hún var að nudda höndunum á kynfærasvæðinu utan yfir fötin.



Dæmisaga - Sóley



1. Kortlagning

- Í leikskólanum – aðallega í hvíld og í frjálsum leik (ef aðgangur var að teppum í leiknum)
- Heima – í bílnum, frammi í sófa þegar hún var að horfa á sjónvarpið, uppi í rúmi fyrir svefn
- Yfirleitt lítil viðbrögð frá fullorðnum, stundum sagt að leggjast á hliðina í hvíldinni
- Önnur börn stundum að kalla í hana til að fá hana aftur í leikinn – brást lítið við því



Dæmisaga - Sóley

2. Tilgáta um tilgang hegðunar

- Gerðist oftast í slökunaraðstæðum
- Virtist ekki tengjast viðbrögðum annarra
- Mjög líklegast skynhrif – hegðunin sjálf hefur jákvæðar afleiðingar
- Þarf að skoða líkamlega þætti fyrst



Dæmisaga - Sóley



3. Áætlun

- Foreldrar og starfsfólk leikskóla komu sér saman um hvernig ætti að bregðast við
- Sjónrænir styrkleikar nýttir til að hjálpa henni að læra muninn á einkarými og almannarými – hvar er í lagi að sýna þessa hegðun og hvar ekki
 - Félagsfærnisaga með myndum lesin í upphafi hvers dags
- Í hvíldinni stóð henni til boða að hafa fiktdót eða annað í höndunum
 - Var minnt á að liggja á hlið og nota fiktdótið
- Í leikaðstæðum var hún leidd áfram í leiknum án þess að sýna mikil viðbrögð eða beina athygli að hegðuninni
- Heima – ef gerðist frammi, minnt á að hún mætti fara inn í herbergi og vera í friði

Dæmisaga - Jakob



Jakob er 3 ára strákur í leikskóla. Hann er með frumgreiningu um einhverfu og grun um þroskahömlun. Hann tjáir sig ekki með talmáli en er að læra að nota myndir og tákn til tjáskipta.

Nýlega hefur starfsfólk leikskólans og foreldrar tekið eftir því að Jakob slær oft til eða setur hendur á kynfærasvæði annarra, bæði barna og fullorðinna.

Dæmisaga - Jakob



1. Kortlagning

- Í leikskólanum - virðist gerast oftast í óskipulögðum stundum, t.d. í frjálsum leik inni og í útiveru
- Heima - oftast þegar foreldrar eru upptekin við annað, t.d. sinna heimilisverkum, sinna yngra systkini eða að tala í símann
- Fólki bregður gjarnan og sýnir óvart sterk viðbrögð
- Hefur verið skammaður en haft engin áhrif, virðist finnast það fyndið



Dæmisaga - Jakob



2. Tilgáta um tilgang hegðunar

- Gerist í samskiptum við aðra, ekki þegar hann er einn
- Viðbrögð annarra eru oft sterk
- Gerist oftar þegar aðstæður eru óskýrar og hann veit ekki hvers er ætlast til af honum
- Líklegast leið til þess að fá viðbrögð frá öðrum og komast í samskipti

Dæmisaga - Jakob



3. Áætlun

- Kenna hinum börnunum að bregðast við tilraunum Jakobs til samskipta á jákvæðan hátt
- Kenna Jakobi aðrar leiðir til að nálgast samskipti við aðra, t.d. með því að snerta öxl, gefa fimmu, vinka o.s.frv.
- Foreldrar reyna að eiga gæðastundir með honum og hjálpa honum að komast af stað í leik áður en þau þurfa að sinna öðru
- Hjálpa honum að finna sér eitthvað að gera í óskipulögðum stundum, t.d. með því að bjóða honum að velja sér hvað hann vill gera og innleiða sjónrænt skipulag
- Foreldrar og starfsfólk vinna saman að því að sýna eins lítil viðbrögð og hægt er þegar hann snertir á óviðeigandi stöðum
- Fylgja honum vel eftir í barnahópnum, reyna að vera skréfinu á undan og hjálpa honum inn í leikinn



Samantekt



- Hegðun sem við myndum flokka sem kynferðislega á einhvern hátt er eðlilegur hluti af þroskaferli barna
- Getum þurft að grípa inn í og leiðbeina ef hegðunin er orðin truflandi fyrir barnið sjálft eða aðra
- Mikilvægt að kortleggja vel í hvaða aðstæðum hegðunin kemur fyrir og hvernig aðrir bregðast við
- Kennum barninu önnur bjargráð sem uppfylla sömu þörf
- Leitum faglegrar aðstoðar ef þörf er á
- Mikilvægt að vinna í samvinnu við foreldra/forráðamenn